

Nd.

235. Frumvarp til laga

[130. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—1964.)

1. gr.

2. málsg. 27. gr. laganna orðist þannig:

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 9.5 milljónir króna árlega árin 1965—1985 að báðum árum meðtöldum.

2. gr.

Í stað orðanna „15 ha“ í fyrstu málsg. 39. gr. laganna komi: 25 ha.

3. gr.

Í stað orðanna „15 ha“ í fyrstu málsg. 47. gr. laganna komi: 25 ha.

4. gr.

Í stað orðanna „50 þúsund krónur“ í fyrstu málsg. 48. gr. laganna komi: 60 þúsund krónur.

Síðari málsgr. 48. gr. laganna orðist svo:
Til þessara ráðstafana leggur ríkissjóður fram minnst 2.4 milljónir króna árlega árin 1965—1985 að báðum árum meðtöldum.

5. gr.

Í stað orðanna „15 ha“ í 50. gr. laganna komi: 25 ha.

6. gr.

60. grein laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1965—1972 að báðum árum meðtöldum er heimilt að veita jörðum, sem setnar eru í lögformlegri ábúð eða sjálfsábúð og hafa minni véltæk tún en 25 ha, óafturkræft framlag á úttekna ræktun að því marki, að þessari túnstærð sé náð.

Ákvæði þetta nær til lögbylisjarða, þar sem athuganir Landnáms ríkisins hafa leitt í ljós, að aukin ræktun geti tryggt viðunandi lífsafkomu á jörðunum og komi í veg fyrir, að jarðirnar fari í eyði.

Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi, að viðbættu framlagi samkvæmt jarðræktarlögum, 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði eftir meðalverði ár hvert.

Framræslukostnaður og framlög til hans samkvæmt jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Á eftir orðunum „örðugan fjárhag“ í 63. gr. laganna komi: og hafa meðaltekjur eða lægri.

8. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður 17.725 milljónir króna árlega á árunum 1965—1972 að báðum árum meðtöldum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framkvæmda, sem unnar verða á árinu 1964. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 48 16. apríl 1963.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðan lög um landnám, ræktun og byggingar í sveitum voru sett á árinu 1946, hafa miklar og margvíslegar breytingar orðið á aðstöðu landbúnaðarins. Lögin báru merki þeirra tíma, kreppuáranna fyrir stríðið, og afleiðinga stríðstímabilsins 1939—1945. Við endurskoðun laganna 1957 voru viðhorf orðin mjög breytt, einkum að því er tók til kostnaðar frumbýlinga við að byggja býli frá grunni og rækta þau. Við setningu laganna var talið fullnægjandi, að ræktanlegt land býlis væri 12 ha og stuðningur hins opinbera miðaður við fullnaðarræktun 5 ha túns. Við endurskoðun laganna var sú staðreynd viðurkennd, að býlin þyrftu umráð meira lands, og var ákveðið, að hverju býli skyldi fylgja minnst 25 ha af ræktanlegu landi auk beitilands, og jafnframt var hækkað markið fyrir framlagsskyldri ræktun upp í 10 ha.

Í framkvæmd hefur þeirri reglu verið fylgt við skiptingu jarða, að býlin hefðu yfirleitt meiri umráð ræktaðs lands en það, sem lögin ákveða um lágmark, og jafnframt leitast við, að fjölskyldubúrekstur á félagsgrundvelli væri viðhafður, ef vilji aðila var fyrir hendi til slíks rekstrar, en jafnframt þó haldið þeirri reglu, að landsumráðin væru sjálfseign með úrskiptu ræktunarlandi.

Með lögum nr. 48/1957 voru framlög til íbúðarhúsa á nýbýlum ákveðin kr. 25 000.00 á fullbyggt íbúðarhús, og með lögum nr. 64/1961 um landnám, ræktun og byggingar í sveitum voru framlög þessi enn hækkuð í kr. 40 000.00 á íbúðarhús.

Samhliða þeim ákvæðum, er hér hefur verið getið, um nýbýlin, var svo ákveðið í lögnum frá 1957, að þær byggðar jarðir, sem minna tún höfðu en 10 ha, fengju tímabundna aðstoð til að ná þessum áfanga.

Til grundvallar þeirri ákvörðun lá meðal annars það sjónarmið, að fyrirbyggja þyrfti, að jarðir færu í eyði, sem afleiðing ónógrar ræktunar til að framfleyta sómasamlegu búi. Jafnframt var vitað, að jarðir, sem höfðu nokkra ræktun og fullnægjandi peningshús en eigi mannsæmandi íbúðir, voru undir sömu sök seldar, og með hliðsjón af því var sú breyting gerð 1960 á lögnum, að veitt voru framlög til íbúðarbygginga á jörðum, sem hætta var á, að færu í eyði vegna ófullnægjandi íbúðar. Framlag þetta er jafnt og til íbúðarhúsa á nýbýlum.

Með samþykkt laga nr. 48 16. apríl 1963 er viðurkennd sú staðreynd, að með batnandi lífskjörum þjóðarinnar og vaxandi þörf fyrir landbúnaðarvörur, þurfi að auka ræktun og vélfært land, svo að hægt sé að hagnýta tæknibúnað til að auka framleiðni hins takmarkaða vinnuafli, er landbúnaðurinn ræður yfir. Er þá framlagsskyld ræktun aukin úr 10 ha túnstærð í 15 ha, og gildir það bæði fyrir þær jarðir, er þá höfðu minna tún en 15 ha á vélfæru landi, og nýbýli, sem reist eru við skiptingu jarðar á óræktuðu landi.

Þá var áætlað, að 2723 jarðir væru með túnstærð minni en 15 ha og heildar-ræktunarþörf þeirra til að ná settu marki væri 21654 ha.

Athugun hefur verið gerð á því, hve margar jarðir mundu koma inn á framlagskerfið, ef ræktunarmarkið væri sett við 25 ha túnstærð á hverri lögbýlisjörð. Kom í ljós, að það mundi vera allt að 3800 jarðir. Af þessari tölu eru 438 jarðir með túnstærð frá 2.5—5.0 ha. Núverandi ábúðaraðstæður á jörðum þessum eru þannig, að með óbreyttri ábúð eru litlar líkur til, að næstu ár aukist ræktun á þeim, og er því í eftirfarandi áætlun gert ráð fyrir, að inn á framlagskerfið komi samkvæmt frumvarpi þessu 3500—3800 jarðir.

Hér fer á eftir áætlun um, hver hækkun yrði á útgjöldum Landnáms ríkisins, ef túnræktarframlagið yrði miðað við 25 ha á hverri jörð og framlög til íbúðarhúsa hækkuð úr kr. 50 000.00 í kr. 60 000.00.

Áætlunin er byggð á framkvæmdum árána 1960—1963.

Fjárlagaliðir mundu þurfa að breytast þannig:

	Miðað við hækkun í 25 ha — Krónur:
16. gr. fjárlaga, liður 15.	
a. Samkvæmt 27. gr. til landnáms:	
Árlega 40 býli × 10 ha × 3000 kr.	1 200 000.00
375 býli, sem ekki hafa náð 15 ha túnstærð × 10 ha × 3000 kr.:	
10 árum	1 125 000.00
	2 325 000.00
Á fjárlögum 1964	7 150 000.00
Fjármagnsþörf árlega	9 475 000.00
d. Samkvæmt 48. gr. til íbúðarhúsa á nýbýlum:	
Árlega 40 býli × 10 000 kr.	400 000.00
Á fjárlögum 1964	2 000 000.00
Fjármagnsþörf árlega	2 400 000.00
e. Samkvæmt 64. gr. til ræktunar og framkvæmda, sbr. 60. gr. og 63. gr.:	
Vegna íbúðarhúsa: Árlega 100 þús. kr. × 10 000 kr. hækkun	1 000 000.00
Vegna ræktunar: 3500—3800 jarðir × 5 ha — 10 ha × 2 500 kr.: 10 ár	9 125 000.00
	10 125 000.00

		í 25 ha — Krónur:
		Miðað við hækkun
Á fjárlögum 1964		7 600 000.00
Fjármagnsþörf árlega		17 725 000.00
Samkvæmt framanrituðu má áætla aukin útgjöld ríkissjóðs þessi:		
Samkvæmt a-lið	kr.	2 325 000.00
— b-lið	—	400 000.00
— e-lið	—	10 125 000.00
	Samtals	kr. 12 850 000.00